



Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur

### **Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um starfshóp vegna stefnumótunar.**

Á fundi borgarráðs 30. mars sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Flokkur fólksins leggur til að borgarráð samþykki að stofna þverpólitískan starfshóp sem skoðar hvernig Reykjavíkurborg getur mótað stefnur sem eru raunhæfar þannig að hægt sé að fylgja þeim betur eftir. Vel kann að vera að hugsa þurfi stefnur til styttri tíma þar sem sviptingar í samfélaginu eru það miklar. Engin stefna, góð eða slök, getur staðið tímans tönn í árafjölda í slíku róti sem ríkir í efnahagsmálum. Ekki er hægt að kenna fjármálastjórn Reykjavíkurborgar um allt það ófremdarástand sem nú ríkir þar sem verðbólgan er að einhverju leyti innflutt. Stór ábyrgð liggur þó hjá Reykjavíkurborg þar sem ekki tókst að skapa húsnæðismarkað í samræmi við þörf eins og býið var að lofa ítrekað.

Greinargerð fylgdi tillögunni. Tillögunni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjórnar.

Í gildi eru reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa frá 2. febrúar 2018 og fjalla þær um starfs- og stýrihópa í stjórnýslu Reykjavíkurborgar sem skipaðir eru til að vinna verkefni sem eru skilgreind skv. erindisbréfi og starfa í afmarkaðan tíma. Reglurnar gilda um hópa sem eru skipaðir kjörnum fulltrúum og um hópa skipuðum starfsmönnum.

Almennt gildir að kjörnir fulltrúar bera ábyrgð á stefnumótun og starfsmenn bera ábyrgð á framkvæmd viðfangsefna Reykjavíkurborgar. Hópar sem gegna því hlutverki að vinna að stefnumótun eða hafa það hlutverk að samræma og/eða bera heildarábyrgð á störfum eins eða fleiri starfshópa sem undir þá heyra kallast stýrihópar. Stýrihópar sem sinna stefnumótun eru eingöngu skipaðir kjörnum fulltrúum.

Gera skal erindisbréf fyrir alla stýri- og starfshópa. Erindisbréf stýrihópa skulu samþykkt í borgarráði eða í viðkomandi fagráði. Erindisbréf starfshópa borgarstjóra skulu kynnt í borgarráði. Erindisbréf starfshópa sviðsstjóra skulu kynnt í viðkomandi fagráði. Í erindisbréfi skal m.a. tilgreina hlutverk hóps, helstu verkefni hans, skipan auk þess sem setja skal hópnum starfstímabil og ákvæði um skil. Bent er á að bæði starfs- og stýrihópar geta óskað eftir lengingu starfstímabils og þar af leiðandi fresti á bæði bæði áfanga- og lokaskilum.

Í tillögunni er lagt til að borgarráð samþykki að stofna þverpólitískan starfshóp. Gert er ráð fyrir að átt sé við stýrihóp sem skipaður er kjörnum fulltrúum. Hópnum er ætlað að skoða á hvaða hátt er hægt að móta raunhæfar stefnur sem unnt er að fylgja betur eftir. Ef borgarráð fellst á að nauðsyn sé á því að stofna slíkan stýrihóp er bent á að nauðsynlegt er að skilgreina verkefni hans á nákvæman hátt í erindisbréfi.

Virðingarfyllst,  
Helga Björk Laxdal  
Skrifstofustjóri borgarstjórnar